



Ferðalag Opportunity jeppans við Endeavour gíginn

Í um það bil tvö ár hefur Opportunity jeppinn unnið að rannsóknum á 3-4 milljarða ára gömlum setlögum í Cape York á vesturbarmi Endeavour gígsins, sem er 20 kílómetra breiður, á Meridiani Planum. Nú, meira en áratug eftir að Marsjeppanum Opportunity var skotið á loft árið 2003, hefur HiRISE tekið mynd af ferðalagi jeppans í átt að nýjum rannsóknarstöðum í suðri, að Solander Point þar sem hann mun hafa vetursetu.